

VÍSINDALEG RANNSÓKN Á EDLI DRAUMA

Það tvennt er ólíkast, að dreyma drauma
og að rannsaka eðli draumlifssins.

I

Grein eins og þessi getur verið nokkur hjálp til að átta sig á því, hvað er vísindaleg rannsókn á eðli drauma. Mig dreymdi að ég sæi tjörn, eða hluta af tjörn, réttara sagt. Vatnið í tjörninni var einkennilega tært, og niðri í því sá ég á eitthvert dýr, sem ég gat þó ekki áttað mig á. Næst í draumnum er, að ég sé stórt dýr, sem hleypur eftir tjarnarbakkanum. Ég hefi einhverja, þó mjög óljósa hugmynd um, að þetta sé sama dýrið, sem ég hafði séð niðri í vatninu. Ég sé aftan á dýrið hægra megin; ég sé að út úr síðunni á því standa eins og litlir, vanskapaðir fætur. Þekkist ekki slíkt á neinu spendýri hér á jörðu. Þar næst sé ég dýrið hlaupa fyrir tjarnarendann, og sé ég það þá greinilega mjög, og alveg á hliðina á því. Það er mjög stórt dýr, svo að bera má saman við fil, en er þó nokkru lægra og til muna langvaxnara. Rana hefir það sem minnir allmikið á filsранa, en er þó talsvert styttri en filsraní, og öðruvísi vaxinn. Engar höggtennur hefir það. Dýr eins og þetta er ekki til nú hér á jörðu, og jarðfræðingar vita heldur ekki til þess, að slíkt dýr hafi hér nokkurntíma til verið.

II

Það, sem fyrst verður fyrir til íhugunar, þegar rannsaka skal, af skynsamlegu viti, draum eins og þennan, er, að dreymandinn sér í draumnum, alveg eins og honum bæri fyrir augu það, sem hann dreymir. Og er þetta sama að segja um alla drauma. Virðist furðu gegna, að vísindamenn þeir,

sem fengist hafa við rannsókn á eðli draumlífsins, skuli ekki hafa áttað sig á því, að þarna er undirstöðuatriði svo mikið og merkilegt, að meðan það er ekki skilið og skýrt, getur ekki verið um neinn verulegan skilning á eðli draumlífsins að ræða. En jafnvel þó að menn vilji halda því fram, að endurminningar um sýn — og aðra skynjan — komi í svefni fram í meðvitundinni alveg eins og skynjanin sjálf í vöku, þá er það ákaflega ósennileg tilgáta og alls engin skýring. Því að nákvæm athugun leiðir í ljós, að allt endurminningakennt er einmitt í draumi miklu veikara en í vöku. Ennfremur verða fyrir þau alveg ósigrandi vandræði, ef þannig er reynt að skýra, að draumurinn er, ef að er gáð, einmitt ekki endurminning. Ég hefi t. d. aldrei séð í vöku tjörn og landslag eins og það, sem mig dreymir þarna, og aldrei svona dýr eins og það, sem ég sé svo skýrt í draumnum. Fleira, sem íhugunarvert er við draum minn, er þetta: Ég hefi í draumnum ekki neina ljósa hugmynd um það, hvar ég sjálfur er staddur, meðan ég sé þetta, sem fyrir mig ber. Og sjónarsvið mitt er underlega takmarkað, miklu takmarkaðra en í vöku, auk þess sem ég veit ekkert um landið, sem liggur að því, sem ég sé. Ennfremur er athugavert, að það er ekki eins og ég sjái samfellda myndaröð, — ef svo mætti að orði komast — heldur falli sitthvað úr, hér og hvar.

III

Draumur þessi er með öllu óskiljanlegur, ef ekki væri annað við að styðjast en hinar ráðandi hugmyndir vísindamanna um eðli drauma. En hann er auðskýrður, ef menn þekkja undirstöðulögðra draumlífsins. Núna á góunni eru 28 ár síðan ég tók draumlifið fyrir sem sérstakt rannsóknarefni, og var ástæðan sú, að mér virtist sem menn hefðu ekki farið nógu vísindalega að við þær rannsóknir, en bjóst við þýðingarmiklum þekkingarauka, ef rétt væri að farið, og gáta draumlífsins yrði ráðin. Ég fann, eftir langa viðleitni á að skilja þetta mál, að draumlifið byggist á nokkurskonar sambandsástandi, eða með öðrum orðum á því, að dreymandinn fær þátt í ástandi einhvers annars, sem ég nefni

draumgjafa. Hefi ég lýst þessu nánar í ritgerðinni um eðli svefns og drauma í Nýal s. 344-359; í bréfi til dr. Kritzingers, sem prentað er í hinni nýju bók minni Ennýal s. 220-21 og viðar. Er draumur þessi, sem af var sagt, auðskýrður þegar menn vita, að draumar verða fyrir sambandsástand. Samband mitt við draumgjafann er þarna ekki fullkomnara en svo, að einungis það sem ljósast er í meðvitund hans þá stundina, kemur fram í draum mínum. Ég fæ ekki í draum minn neitt af þekkingu draumgjafans á landinu í kringum tjörnina, heldur aðeins það, sem hann horfir á; ég sé með honum dýrið niðri í hinu tæra vatni, en fæ ekki þátt í þeirri vitneskju, sem hann sennilega hefir um það, hvaða dýr þetta er. Ekki heldur fæ ég nafnið á þessu dýri, sem líkist fil. Sjónarsviðið er takmarkaðra en í vöku, af því að ég fæ ekki í draum minn annað en það, sem draumgjafinn beinlínis horfir á, ekki það, sem hann sér útundan sér. Og til skyldra orsaka er að rekja, að það er eins og falli úr sumt það, sem ég mundi sjá í vöku, eða þá vita af.

IV

Draumurinn er býsna fróðlegur, þegar nógu vandlega er að gætt. Á því getur ekki vafi leikið, að draumgjafi minn er á annarri jarðstjörnu, en ekki á vorri jörð. Dýrið, sem mig dreymdi, er hér ekki til, en hin mesta fjarstæða að géra ráð fyrir því, að það sé ímyndunarafl dreymandans, er skapi dýrið sem draumsjón. Eftir að hafa athugað þúsundir af draumum, segi ég hiklaust: draumgjafinn er vanalega íbúi annarrar jarðstjörnu. Með rannsókn draumlífsins er fengin óyggjandi vissa fyrir lífsambandi stjarnanna á milli. Og það er óhætt að bæta því við, að þessir íbúar annarra jarðstjarna, sem svo ótvíraðlega er fengið samband við, eru vanalega framliðnir héðan af jörðu, fólk sem áður hefir hér lifað, en eftir líkamsdauðann hér á jörðu fengið nýjan líkama á annarri jörð, á þann hátt, sem lesa má um í Ennýal. Menn mega reiða sig á, að hér er vísindalega að verið og byggt á traustri undirstöðu. Ráðningin á gátu draumlífsins hefir reynst þýðingarmikil jafnvel mjög langt framyfir það,

sem ég gerði mér vonir um, þegar ég byrjaði á þessum rannsóknum. Og svo langt er frá því, að þessar rannsóknir mínar séu óvísindalegar, eins og mér hefir verið borið á brýn, að þær eru mjög miklu vísindalegri en nokkrar þær rannsóknir, sem áður höfðu verið gerðar á þessu sviði. Og raun mun sýna, að um er að ræða það, sem á þýsku mætti nefna Entscheidungsentdeckungen, uppgötvanir, sem munu leiða til þess að ný mannöld hefjist. Björtu ljósi er nú brugðið yfir miðilfyrirburðina, sem, að vonum, hafa áður þótt svo óskiljanlegir og ósamstæðir við þá vísindalegu þekkingu, sem fengin var, björtu ljósi yfir eðli og uppruna allra trúarbragða. Sjálft eðli lífsins er nú ljóst orðið. Vanda-laust er nú að skilja, hvernig sumt fólk hefir getað lifað mánuðum og jafnvel árum saman án matar og drykkjar. Það hefir lifað á tilsendu lífmagni. Glögglega sjáum vér fram á ýmsar mjög merkilegar afleiðingar þessarar ný-fengnu þekkingar. Bjargað mun verða þar, sem nú er engin von. Lífmagn mun verða sent þeim, sem lifandi eru grafnir, t. d. í námum. Lífgaðir munu verða þeir, sem legið hafa drukknaðir í sjó eða vatni svo klukkustundum skiptir eða jafnvel dögum. En þó er hitt ennþá meira, að hverskonar slysum mun verða afstýrt mjög langt fram yfir það, sem nú gerist. Lífsafl manna og vit mun verða aukið svo mjög, að öllum þeim örðugleikum, sem nú eru á því að skapa gott mannfélag, mun verða burtu rutt. Á því er enginn vafi, að leið sú, sem fundin er, liggur fram til fullnaðarsigurs fyrir lífið.